# Brunavarnir Austur-Húnvetninga

## Ársreikningur 2017

Brunavarnir Austur-Húnvetninga
Norðurlandsvegi 2
540 Blönduós

kt. 590293-2619

# Efnisyfirlit

Bls.


Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra ........ 3

Áritun óháðs endurskoðanda ........ 4

Rekstrarreikningur ........ 6

Efnahagsreikningur ........ 7

Sjóðstreymisyfirlit ........ 8

Skýringar ........ 9

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Brunavarnir Austur-Húnvetninga sjá um brunavarnir fyrir Austur-Húnvetninga. Aðilar að samlaginu eru sveitarfélögin Blönduósbær og Húnavatnshreppur.

Tap varð á rekstri félagsins á árinu 2017 að fjárhæð 2,6 millj. kr. Bókfært eigið fé félagsins í árslok nam 12,8 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Vísað er til ársreikningsins um jöfnunar taps og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum. Ársverk á árinu var eitt.

Stjórn og framkvæmdastjóri Brunavarna Austur-Húnvetninga hafa í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2017 og staðfest hann með undirritun sinni.

Blönduósi, júní 2018.

Í stjórn félagsins:

Framkvæmdastjóri:

# Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Brunavarna Austur-Húnvetninga.

## Áritun um endurskoðun ársreikningsins

### Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Brunavarna Austur-Húnvetninga („félagið“) fyrir árið 2017. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2017 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2017, í samræmi við lög um ársreikninga.

### Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.

- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.

- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

# Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.

- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

## Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Blönduósi,           júní 2018.

***KPMG ehf.***

# Rekstrarreikningur árið 2017

| | Skýr. | 2017 | Áætlun |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | |
| Framlög aðildarsveitarfélaga | | 18.000.000 | 18.000.000 |
| Seld þjónusta | | 0 | 50.000 |
| Aðrar tekjur | | 567.068 | 400.000 |
| | | 18.567.068 | 18.450.000 |
| **Rekstrargjöld** | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 3 | 11.576.264 | 10.365.000 |
| Rekstur fasteigna | | 697.818 | 940.000 |
| Rekstur bifreiða | | 1.138.721 | 1.740.000 |
| Annar rekstrarkostnaður | | 6.560.009 | 5.345.000 |
| Afskriftir | 4 | 802.146 | 0 |
| | | 20.774.958 | 18.390.000 |
| **Rekstrartap fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld** | | ( 2.207.890) | 60.000 |
| Vaxtatekjur | | 80.596 | 0 |
| Vaxtagjöld og verðbætur | | ( 436.456) | 0 |
| **Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals** | | ( 355.860) | 0 |
| **(Tap) hagnaður ársins** | 6 | ( 2.563.750) | 60.000 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2017

| | Skýr. | 2017 | 2016 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 4 | 28.272.673 | 212.000 |
| Fastafjármunir samtals | | 28.272.673 | 212.000 |
| | | | |
| Kröfur á tengda aðila | | 0 | 14.122.600 |
| Aðrar skammtímakröfur | | 917.935 | 1.075.705 |
| Handbært fé | | 452.688 | 402.408 |
| Veltufjármunir samtals | | 1.370.623 | 15.600.713 |
| | | | |
| **Eignir samtals** | | 29.643.296 | 15.812.713 |
| | | | |
| **Eigið fé** | | | |
| Óráðstafað eigið fé | | 12.843.923 | 15.407.673 |
| Eigið fé samtals | 6 | 12.843.923 | 15.407.673 |
| | | | |
| **Skuldir** | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | 7 | 14.054.813 | 0 |
| Langtímaskuldir samtals | | 14.054.813 | 0 |
| | | | |
| Skuldir við tengda aðila | | 328.081 | 0 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | 7 | 703.027 | 0 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 1.713.452 | 405.040 |
| Skammtímaskuldir samtals | | 2.744.560 | 405.040 |
| | | | |
| Skuldir samtals | | 16.799.373 | 405.040 |
| | | | |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 29.643.296 | 15.812.713 |

# Sjóðstreymisyfirlit árið 2017

| | Skýr. | 2017 | Áætlun |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| (Tap) hagnaður ársins | 6 | ( 2.563.750) | 60.000 |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Afskriftir | 4 | 802.146 | 0 |
| Verðbætur langtímaskulda | | 100.040 | 0 |
| Veltufé (til rekstrar) frá rekstri | | ( 1.661.564) | 60.000 |
| Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum | | 15.916.863 | ( 152.381) |
| Handbært fé frá rekstri (til rekstrar) | | 14.255.299 | ( 92.381) |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum | 4 | ( 28.862.819) | 0 |
| Fjárfestingarhreyfingar | | ( 28.862.819) | 0 |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Tekin ný langtímalán | | 15.000.000 | 0 |
| Afborganir langtímalána | | ( 342.200) | 0 |
| Fjármögnunarhreyfingar | | 14.657.800 | 0 |
| **Hækkun (lækkun) á handbæru fé** | | 50.280 | ( 92.381) |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | | 402.408 | 402.408 |
| **Handbært fé í árslok** | | 452.688 | 310.027 |

# Skýringar

## 1. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Aðildarsveitarfélög Brunavarna Austur-Húnvetninga bera ábyrgð á rekstri og skuldbindingum félagsins.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### a. *Innlausn tekna*

Tekjur af þjónustu eru færðar í rekstrrareikning þegar þjónustan hefur verið innt af hendi.

### b. *Færsla gjalda*

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

### c. *Varanlegir rekstrarfjármunir*

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími bifreiða er 7-15 ár.

### d. *Handbært fé*

Bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

### e. *Fjárhagsáætlun*

Fjárhagsáætlun Brunavarna Austur-Húnvetninga fyrir árið 2017 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi og sjóðstreymisyfirliti.

## 3. Laun og launatengd gjöld

| Laun og launatengd gjöld greinast þannig: | **2017** | **Áætlun** |
|---|---|---|
| Laun | 8.485.587 | 8.535.000 |
| Launatengd gjöld | 2.050.326 | 1.830.000 |
| Framlög vegna uppgjörs A deildar Brúar lífeyrissjóðs | 1.040.351 | 0 |
| Laun og launatengd gjöld samtals | 11.576.264 | 10.365.000 |
| | | |
| Fjöldi ársverka | 1 | |

Í febrúar 2018 var samþykkt samkomulag um uppgjör við Brú. Framlag félagsins vegna þessa er 1,0 millj. kr., og er það allt vegna jafnvægissjóðs. Framlagið er gjaldfært meðal launa og launatengdra gjalda á árinu 2017 og fært meðal skammtímaskulda í árslok 2017.

## 4. Varanlegir rekstrarfjármunir

| Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig: | **Bifreiðar** |
|---|---|
| Heildarverð 1.1.2017 | 2.120.000 |
| Afskrifað samtals | ( 1.908.000) |
| Bókfært verð 1.1.2017 | 212.000 |
| Keypt á árinu | 28.862.819 |
| Afskriftir á árinu | ( 802.146) |
| Bókfært verð 31.12.2017 | 28.272.673 |
| | |
| Heildarverð 31.12.2017 | 30.982.819 |
| Afskrifað samtals | ( 2.710.146) |
| Bókfært verð 31.12.2017 | 28.272.673 |
| | |
| Afskriftahlutföll | 6,67 - 15% |

## 5. Eignir utan efnahagsreiknings

Í eigu Brunavarna Austur-Húnvetninga eru bifreiðar og fasteign sem ekki eru færðar í efnahagsreikning félagsins. Eignirnar voru fjármagnaðar af aðildarsveitarfélögunum og eru færðar í efnahagsreikning þeirra samkvæmt eignarhlutdeild á þeim tíma. Eignir utan efnhagsreiknings greinast þannig:

| Bifreiðar: | Árgerð | Kaupverð |
|---|---|---|
| Ford SD-945 | 1992 | 7.113.186 |
| Man GS-530 | 1982 | 3.222.888 |
| | | 10.336.074 |

Fasteign:

Slökkvistöð er að Norðurlandsvegi 2, Blönduósi. Í árslok nam vátryggingaverð fasteignar 36,9 millj. kr., fasteignamat 8,6 millj. kr. og fasteignamat lóðar 4,1 millj. kr.

## 6. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikning:

| | |
|---|---|
| Eigið fé 1.1.2017 | 15.407.673 |
| Tap ársins | ( 2.563.750) |
| Eigið fé 31.12.2017 | 12.843.923 |

## 7. Langtímaskuldir

Yfirlit um langtímaskuldir:

| | |
|---|---|
| Verðtryggt lán í íslenskum krónum | 14.757.840 |
| Næsta árs afborganir | ( 703.027) |
| Langtímaskuldir í efnahagsreikningi samtals | 14.054.813 |

Afborganir af langtímaskuldum félagsins greinast þannig á næstu ár:

| | |
|---|---|
| Árið 2018 | 703.027 |
| Árið 2019 | 724.276 |
| Árið 2020 | 746.167 |
| Árið 2021 | 768.720 |
| Árið 2022 | 791.954 |
| Síðar | 11.023.697 |
| Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir | 14.757.840 |

## 8. Tengdir aðilar

Aðildarsveitarfélög Brunavarna Austur-Húnvetninga eru skilgreind sem tengdir aðilar, sem og aðal- og varamenn í stjórn auk æðstu stjórnenda. Makar þessara aðila og ófjárráða börn og aðrir fjárhagslega háðir einstaklingar falla einnig undir skilgreininguna ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila.

Brunavarnir Austur-Húnvetninga hafa átt viðskipti við tengda aðila á árinu. Viðskipti Brunavarna Austur-Húnvetninga við tengda aðila eru á sömu forsendum og þegar um ótengda aðila er að ræða og eru skilyrði og skilmálar viðskiptanna sambærileg og við ótengda aðila. Við ákvörðun um viðskipti við tengda aðila er farið að hæfisreglum 20. gr. sveitarstjórnarlaga.

# Sundurliðanir

| | 2017 | Áætlun |
|---|---:|---:|
| **Laun og launatengd gjöld** | | |
| Laun | 8.485.587 | 8.535.000 |
| Lífeyrissjóður | 975.836 | 960.000 |
| Framlög vegna uppgjörs A deildar Brúar lífeyrissjóðs | 1.040.351 | 0 |
| Tryggingargjald | 698.119 | 630.000 |
| Annar starfsmannakostnaður | 376.371 | 240.000 |
| | 11.576.264 | 10.365.000 |
| **Rekstur fasteigna** | | |
| Rafmagn og vatn | 190.409 | 250.000 |
| Fasteignagjöld | 345.132 | 325.000 |
| Húsatryggingar | 118.623 | 65.000 |
| Viðhald húsa og búnaðar | 31.766 | 300.000 |
| Annar rekstrarkostnaður | 11.888 | 0 |
| | 697.818 | 940.000 |
| **Rekstur bifreiða** | | |
| Bensín og olíur | 111.722 | 270.000 |
| Varahlutir, hjólbarðar | 349.342 | 400.000 |
| Tryggingar | 297.797 | 225.000 |
| Viðgerðir | 171.274 | 450.000 |
| Skattar | 199.674 | 145.000 |
| Minniháttar áhöld og tæki | 8.912 | 250.000 |
| | 1.138.721 | 1.740.000 |
| **Annar rekstrarkostnaður** | | |
| Dagpeningar og ferðakostnaður | 415.431 | 250.000 |
| Bifreiðastyrkir | 205.700 | 0 |
| Námskeið | 0 | 350.000 |
| Veitinga og fundakostnaður | 16.883 | 115.000 |
| Bókhaldsþjónusta | 233.257 | 170.000 |
| Önnur vöru- og þjónustukaup | 2.432.220 | 1.900.000 |
| Verkfæri og áhöld | 0 | 50.000 |
| Vinnufatnaður | 745.869 | 450.000 |
| Viðhaldsvörur | 451.722 | 430.000 |
| Pappír, prentun og ritföng | 0 | 50.000 |
| Sími og burðargjöld | 934.263 | 515.000 |
| Hreinlætisvörur | 0 | 12.000 |
| Lausafjártryggingar | 36.107 | 32.000 |
| Starfsmannatryggingar | 64.416 | 160.000 |
| Auglýsingar | 67.716 | 40.000 |
| Flutningskostnaður | 77.577 | 50.000 |
| Launanefnd | 9.500 | 16.000 |
| Framlög og styrkir | 23.020 | 50.000 |
| Þjónustugjöld til banka | 8.877 | 15.000 |
| Annar rekstrarkostnaður | 837.451 | 690.000 |
| | 6.560.009 | 5.345.000 |